

Grafarvogsdagurinn



5. September 2009

Dagskrá Grafarvogsdagsins:

9:00-11:00 Morgunkaffi í pottinum

Sundlaug Grafarvogs býður Grafarvogsbúum að gæða sér á ilmandi morgunkaffi í heitu pottunum.

11:00-12:30 Sögugangan

Heimir Janusarson forstöðumaður Gufuneskirkjugarðs, leiðir gesti um garðinn og rekur sögu hans. Það verður m.a. staldrað við grafreiti hinna ýmsu trúfélaga sem eru í garðinum og vakin athygli á sérstökum minningarmörkum og minnismerkjum. Skipulag garðsins og gróður verður einnig tekinn til skoðunar. Gangan tekur um 1,5 klukkutíma. Mæting við þjónustuhús við Borgaveg.

9:00-18:00 Grunnskólámót Fjölnis í handbolta

Grunnskólámót Fjölnis í handbolta fer fram í íþróttahúsinu í Dalhúsum. Keppendur á mótinu eru frá öllum grunnskólum í Grafarvogi. Mótið stendur yfir laugardag og sunnudag.

9:00-17:00 Opið hús í Heilsuakademíunni í Egilshöll

Frítt í tækjasal Heilsuakademíunnar á Grafarvogsdaginn. Auk þess býðst gestum tækifæri til að mæta í eftirtalda kynningartíma: kl. 9:00 Herþjálfun; kl. 10:00 Tabata og kl. 11:00 Tarzan fyrir börn. www.heilsuakademian.is

10:00-14:00 Opið hús hjá World Class í Spöng

Tímar í tímatöflunni verða kynntir og fólk hvatt til að kynna sér það sem í boði er. Eftirtaldir tímar verða í boði: kl. 10:30 Freestyle-step; kl. 11:00 Shape; kl. 11:30 Kikkbox; kl. 12:00 Þrek; kl. 12:30 Jóga auk þess sem frítt verður í tækjasalinn. Nuddari verður á staðnum og ýmis tilboð á drykkjum. www.worldclass.is

10:00-13:00 Opið hús hjá Veggisport Stórhöfða

Veggisport býður gestum upp á kennslu í eftirtöldu: milli kl. 11:00 og 13:00 skvass; kl. 11:00 spinning „live“ utandyra; kl. 12:00 ketilbjöllutími. Gestum biðst auk þess tækifæri til að kynna sér tækjasalinn. www.veggisport.is

13:00-16:00 Hökkídagurinn mikli í Egilshöll

Björninn og Íshökkísamband Íslands verða með kynningu á íshökkí. Leiðbeinendur verða á svellinu. Börn á aldrinum 5-10 gefst kostur á að spreyta sig.

13:00-17:00 Opið hús á Korpúlfsstöðum

Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi, opna aðstöðu sína fyrir gesti og gangandi. Sýning á verkum félagsmanna. Milli kl. 15:00 – 16:00 verður boðið upp á tónlistaratriði.

KorpArt-hópurinn á Korpúlfsstöðum opnar vinnustofur sínar í tilefni af Grafarvogsdeginum. Gestum gefst tækifæri til að skoða verk listamannanna.

13:00-17:00 Opið hús hjá Íslenska gámafélaginu

Í tilefni 10 ára afmælis Íslenska Gámafélagsins verður opið í hús í Gufunesi frá 13:00-17:00, allir hjartanlega velkomnir. Boðið verður uppá fjölbreytta dagskrá:

- *Skemmtun fyrir krakkana;
- *ruslabílarúntur;
- *mótorhjólurúntur;
- *föndurhornið;
- *ýmsir leikir og keppnir.
- *Fræðsla fyrir fullorðna;
- *Boðið uppá fræðsluerindi um flokkunarmál, moltugerð, metan og sögu Íslenska Gámafélagsins;
- *Sögu- og fræðslutúr um valda staði í Gufunesi;
- *Framtíðarskipulag Gufuness kynnt. Enginn fer tómhentur heim og vonandi allir upplýstari um starfsemi Íslenska Gámafélagsins að heimsókn lokinni.

13:00-18:30 Hátíðarhöld við frístundamiðstöðina Gufunesbæ

13:00-13:30 Helgistund undir berum himni

Prestar Grafarvogskirkju þjóna fyrir altari. Sr. Vigfús Þór Árnason sóknarprestur, sr. Bjarni Þór Bjarnason, sr. Lena Rós Matthíasdóttir og sr. Guðrún Karlsdóttir, auk Gunnars Einars Steingrímssonar, djákna. Kór GrafarvogskirkjusyngurásamtBarna-ogunglingakór kirkjunnar. Stjórnendur: Hákon Leifsson, organisti, og Oddný J. Þorsteinsdóttir, kórstjóri.

13:30 Skólahljómsveit Grafarvogs.

Skólahljómsveit Grafarvogs leikur nokkur hress og skemmtileg lög.

13:45 Afhending Máttarstólpan.

Viðurkenning hverfisráðs Grafarvogs fyrir framúrskarandi félagsstarf í hverfinu.

14:00 Afhending umhverfis- og fegrunarverðlauna Grafarvogs.

Viðurkenning hverfisráðs Grafarvogs fyrir fallegustu lóðina, götuna, snyrtilegasta umhverfi í sérbýli, fjölbýli og umhverfi við stofnun eða fyrirtæki í Grafarvogi

14:15 Afhending viðurkenninga fyrir sumarlestur barna í Grafarvogi.

Í sumar hafa börnin í Grafarvogi verið mjög dugleg að heimsækja safnið. Foldasafn afhendir viðurkenningar fyrir sumarlestur barna.

Íbúar og fyrirtæki í Grafarvogi eru hvött til að draga fána að húni og til að skreyta hús sín með gulu og bláu, t.d. blöðrum eða fánum.

14:00 Grunnskólaboðhlaup Grafarvogs

Hlaupið hefst og endar við gamla Gufunesbæinn. 20 manna sveitir frá hverjum grunnskóla, ein stelpa og einn strákur úr hverjum árgangi frá hverjum skóla hlaupa. Hlaupið umhverfis Gufunessvæðið.

14:30 Þrautakóngur/Þrautadrottning Grafarvogs Keppni í þrautum og óhefðbundnum íþróttum.

Öllum 13 ára og eldri heimil þátttaka. Skráning á netfangið hera.hallbera.bjornsdottir@reykjavik.is eða í síma: 692 6733.

14:30 Kassabílarallý

Á Grafarvogsdaginn verður haldið kassabílarallý. Allir sem eiga kassabíl geta tekið þátt. Skráning á netfangið: hera.hallbera.bjornsdottir@reykjavik.is eða í síma: 692 6733.

15:00 Strandblakmót

Keppni í strandblaki. Hvert lið skal vera skipað 4 keppendum. Öllum 13 ára og eldri heimil þátttaka. Skráning á netfangið hera.hallbera.bjornsdottir@reykjavik.is eða í síma: 692 6733.

15:00 Brenniboltamót

Keppt verður um titilinn Brennómeistari Grafarvogs. Hvert lið skal skipað 6 keppendum. Öllum 16 ára og eldri heimil þátttaka. Skráning á netfangið hera.hallbera.bjornsdottir@reykjavik.is eða í síma: 692 6733.

Hreyfing á útivistarsvæði frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbær, allir fá að prófa:

- *íþróttakynningar frá Fjölni
- *tjaldbúðir skáta, Skátafélagið Hamar verður með tjaldbúðir á svæðinu, varðeldur og tilheyrandi;
- *klifur á turninum, Frístundamiðstöðin Gufunesbær býður í klifur í turninum;
- *ýmis leiktæki á svæðinu sem hægt er að nýta sér til skemmtunar.

16:30-18:00 Fjölskylduskemmtun og útitónleikar við Hlöðuna

Skólahljómsveit Grafarvogs.
Hljómsveitir úr Grafarvogi leika og syngja.
Dúettinn Glymur, www.glymur.org

Í Hlöðunni:

- *sýning á teikningum leikskólabarna;
- *sýning á völdum ljósmyndum úr ljósmyndasamkeppni;
- *nemendur úr tónlistarskólum hverfisins spila ýmis lög;
- *kaffihús í umsjón Fjölnis, 3. flokkur kvenna í fótbolta;
- *málverkasýning, listakonurnar Álfheiður Ólafsdóttir og Helga A. Ingimundardóttir sýna verk sín;
- *kynning á www.billaus.is samtök um bíllausan lífsstíl;
- *candyfloss sala.

Á útivistarsvæði Gufunesbæjar:

- *búningatjald, komdu og klæddu þig upp í furðuföt.
- *andlitsmálun.
- *rafmagnshjól, komdu og fáðu að prufa.
- *veltibíllinn verður á staðnum.
- *candyfloss sala.

Borgarbókasafn/Foldasafn

*Sögubíllinn Æringi og Sóla sögukona. Sóla sögukona mætir milli kl. 13:30 - 15:00. Sóla ætlar að spjalla við börnin segja sögur og bjóða þeim í sögubílin Æringja. Sóla er dóttir Grýlu en er þó allt öðruvísi en systur hennar Bóla og Leiðindarskjóða því hún strauk ung að heiman og hefur ferðast víða um lönd og lært ógrynni af sögum. Hún er því mikil heimsdama en að sama skapi litrík og dularfull.

Dagskráin getur tekið breytingum.
Nánari upplýsingar er að finna á:
www.grafarvogur.is

Frí fiskisúpa á Nings Stórhöfða.
Í tilefni Grafarvogsdagsins býður veitingastaðurinn Nings á Stórhöfða gestum fría austurlenska fiskisúpu milli kl. 12:00 - 17:00. Allir velkomnir.

Grafarvogsdagurinn
5. September 2009

**Grafarvogur,
grænn bær í borginni.**

Styrktaraðilar
hátiðarhaldanna eru:

NINGS Íslandsbanki



HVERFISRÁÐ GRAFARVOGS

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Fjölskyldan skemmtir sér saman. Frír aðgangur.
Munið að börn eru á ábyrgð foreldra / ábyrgðamanna.